

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Fosshótel Húsavík 8. nóvember 2017 kl. 13:00.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar (11 af 15);

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir og Ragnar Bjarnason
- frá Skútustaðahreppi; Yngvi Ragnar Kristjánsson
- frá Norðurþingi; Kjartan Páll Þórarinsson, Óli Halldórsson, Trausti Aðalsteinsson og Soffía Helgadóttir
- frá Tjörneshreppi; Steinþór Heiðarsson
- frá Svalbarðshreppi; Sigurður Jens Sverrisson
- frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson

Fundinn sátu einnig eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna; Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps og Sigurður Þór Guðmundsson oddviti Svalbarðshrepps. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði honum. Bauð hann fundarmenn velkomna.

#### **Þetta gerðist:**

### **1. Skýrsla framkvæmdastjórnar HNP bs.**

Dagbjört Jónsdóttir formaður framkvæmdastjórnarinnar gerði grein fyrir starfi stjórnarinnar frá síðasta fulltrúaráðsfundi í maí. Á tímabilinu hélt framkvæmdastjórnin tvö formlega fundi en auk þess hafa verið haldnir óformlegir síma- og vinnufundir.

Helstu viðfangsefni hafa verið:

- Endurskoðun á þóknunum fyrir nefndarstörf á vegum byggðasamlagsins skv. bókun fulltrúaráðs á vorkundi 2017. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir í tillögu að rekstraáætlun 2018 en þar er lagt til að þóknunir verði í samræmi við þóknun fyrir nefndarstörf á vegum Norðurþings.
- Umfjöllun um samantekt um lýðfræðipróun á svæðinu sem unnin var af Þekkingarneti Þingeyinga með tilliti til búsetuárræða fyrir eldri borgara og vísaði framkvæmdastjórnin samantektinni til umfjöllunar sveitarfélaganna og stjórnar Hvamms.
- Húsnæðismál almennt voru til umræðu og var m.a. efnt til sameiginlegs fundar með Búfesti hsf. og kjörnum fulltrúum í Breiðumýri 12. okt. sl. Engar niðurstöður liggja fyrir og ljóst að skýra þarf frekar þær hugmyndir sem Búfesti hsf. setti fram.
- Drög að erindisbréfi fyrir náttúrverndarnefnd voru yfirfarin og afgreidd til afgreiðslu þessa fundar.
- Á grundvelli bókunar fulltrúaráðs 16. nóv. 2016 voru kostir og gallar þess að fella starfsemi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. (AP hf.) undir merki byggðasamlagsins. Niðurstaða þeirrar vinnu, sem unnin var í samstarfi við stjórn atvinnuþróunarfélagsins, liggur fyrir í formi tillögu sem lögð er fram til afgreiðslu á þessum fundi.
- Fyrir atbeina stjórnar atvinnuþróunarfélagsins var mótun sameiginlegrar atvinnustefnu aðildarsveitarfélagann tekin til umræðu. Niðurstaðan var sú að þar sem um er að ræða pólitískt viðfangsefni sé það frekar fulltrúaráðsins að taka efnislega afstöðu til málsins, en framkvæmdastjórnarinnar.

Skýrslan fylgir fundargerðinni og er vísað til hennar um frekari upplýsingar varðandi störf framkvæmdastjórnarinnar.

## 2. Erindisbréf Náttúruverndarnefndar Þingeyinga

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi drög að erindisbréfi sem lagt er fram af framkvæmdastjórn. Smávægilegar lagfæringar gerðar á 4. og 7. gr.

Að umræðu lokinni bar formaður erindisbréfið með áorðnum breytingum upp til atkvæða og var það samþykkt samhljóða.

## 3. Starfsemi AP hf. færð undir merki HNP bs. – tillaga að útfærslu

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fyrir liggur og tillögu sameiginlegs vinnuhóps stjórnar AP hf. og framkvæmdastjórnar HNP bs. Tillagan, sem framkvæmdastjórnin gerir að sinni til fulltrúaráðsins, er að starfsemi AP hf. verði færð í sjálfseignarstofnun þar sem æðsta vald verði í höndum fulltrúaráðs sem skipað verði sömu fulltrúum og skipa fulltrúaráð HNP bs. á hverjum tíma ásamt tveimur fulltrúum Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi (SANA) og tveimur fulltrúum stéttarfélaganna á starfssvæðinu. Varamenn verði skipaðir með sama hætti. Eignir og skuldbindingar atvinnuþróunarfélagsins færast til sjálfseignarstofnunarinnar og stefnt verði að því að formbreytingin taki gildi frá og með næstu áramótum. Um frekari útfærslu er vísað til tillögunnar sjálfrar og draga að samþykktum fyrir sjálfseignarstofnunina sem eru í vinnslu.

Talsverð umræða varð um málið sem tengdist m.a. heildarfyrirkomulagi samstarfs sveitarfélaganna á starfssvæði HNP bs. og einnig innan Eyþings. Ljóst er að áherslur sveitarfélaganna eru að hluta til mismunandi í þeim efnum, þ.e. hvort leggja beri áherslu á þéttara samstarf innan starfssvæðis HNP bs. á þessu sviði eða hvort stefna beri að því að sameina þessa starfsemi á öllu Eyþingssvæðinu og þá undir merkjum landshlutasamtakanna.

Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að sú umræða sé tekin af hreinskiptni, bæði á þessum vettvangi og einnig á vettvangi Eyþings, en aðalfundur samtakanna fer fram í lok vikunnar og þar eru þessi mál til umfjöllunar.

Fram kom að sú formbreyting sem hér er til umfjöllunar hvorki auðveldi né torveldi samþættingu hennar síðar með öðrum skipulagsheildum. Hér er fyrst og fremst um að ræða aðgerð sem til þess er fallin að styrkja umgjörð starfseminnar og efla tengsl kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa við mikilvægan málaflokk á starfssviði sveitarfélaganna.

Að umræðu lokinni var borin upp svofelld afgreiðslutillaga:

*Fulltrúaráð HNP bs. samþykkir fyrir sitt leyti að starfsemi AP hf. verði færð undir merki HNP bs. í formi sjálfseignarstofnunar á grundvelli þeirrar tillögu sem liggur fyrir fundinum. Jafnframt er framkvæmdastjórn falið að ljúka nauðsynlegum undirbúningi og forma endanlega útfærslu á formbreytingu starfseminnar á þeim grunni.*

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn atkvæði Ragnars Bjarnasonar.

#### 4. Möguleg ný verkefni byggðasamlagsins – tillögur oddvita

Á fundi fulltrúaráðsins sl. vor var oddvitum aðildarsveitarfélaganna falið að leggja fram mótaða tillögu að mögulegum nýjum verkefnum byggðasamlagsins og leggja fyrir haustfund.

Formaður gerði grein fyrir því að það hefði orðið sameiginleg niðurstaða oddvitanna að leggja ekki til ný verkefni í ljósi þess hve stutt væri til kosninga. Eðlilegra væri að nýjar sveitarstjórnir tækju afstöðu til næstu skrefa í því. Þess utan væri það nægilegt verkefni að ljúka samþættingu starfsemi atvinnuþróunarfélagsins og byggðasamlagsins.

#### 5. Fjárhags- og starfsáætlanir 2018

- **HNP bs.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögunni sem lögð er fram af framkvæmdastjórn. Í meginatriðum er hún áþekk því sem verið hefur undanfarin ár þó með þeirri breytingu sem leiðir af breyttum reglum um þóknunir fyrir nefndarstörf. Heildarframlög sveitarfélaganna eru áætluð 8 mkr. og stafar hækkunin rá fyrra ári að mestu af áðurgreindum þóknunum.

Að umræðu lokinni var framlögð tillaga að fjárhags- og starfsáætlun byggðasamlagsins 2018 samþykkt samhljóða og verður send aðildarsveitarfélögunum til afgreiðslu.

- **MMP**

Fyrir liggur rekstraráætlun og verkefnaskrá 2018 sem afgreidd hefur verið í stjórn MMP.

Að umræðu lokinni voru fyrirbyggjandi tillögur að rekstraráætlun og verkefnaskrá MMP fyrir 2018 samþykktar samhljóða og verða sendar aðildarsveitarfélögunum til afgreiðslu.

#### 6. Önnur mál

- Ragnar Bjarnason vildi, í ljósi þeirrar umræðu sem varð á fundinum um skipan samstarfsverkefna sveitarfélaga, koma á framfæri þeirri skoðun sinni að hann teldi að annað hvort þyrfti að stækka sveitarfélögin eða koma á fót þriðja stjórnarsýslustiginu. Fulltrúar sem stýrðu því væru þá líka kosnir beinni kosningu vegna gegnsæis og ábyrgðar.
- Dagbjört Jónsdóttir lýsti ánægju með fundinn og þá góðu umræðu sem fram hefði farið.
- Arnór Benónýsson tók undir orð Dagbjartar og sagði samtalið nauðsynlegt og vildi sérstaklega þakka framkvæmdastjórninni hennar starf og taldi það vera að sanna sig að það skipulag sem væri á byggðasamlaginu með tilkomu framkvæmdastjórnarinnar væri til mikilla bóta frá fyrra skipulagi

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:28